

Aðalfundargerð

Aðalfundur Isavia ohf.
haldinn fimmtudaginn 5. apríl 2018, kl 15:00,
ráðstefnu og fundaraðstöðu H,
Hilton Reykjavík Nordica

Fundinn sátu: Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, með umboð hluthafans, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, stjórn og varastjórn Isavia ohf., forstjóri, starfsmenn félagsins og gestir.

1. Setning fundar.

Ingimundur Sigurpálsson, stjórnarformaður, setti 8. aðalfund Isavia ohf. og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Lagt var til að Karl Alvarsson yrði fundarstjóri og Hafdís Perla Hafsteinsdóttir fundarritari. Tillögurnar voru samþykktar. Fundarstjóri tók til máls og staðfesti að fulltrúi handhafa hlutafjár samkvæmt umboði, Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sæti fundinn. Fulltrúar fjölmiðla voru boðaðir til fundarins eins og fyrirmælt er í lögum um opinber hlutafélög, sem og alþingismenn en þeim er samkvæmt sömu lögum heimilt að sitja fundinn. Fundarstjóri staðfesti að löglega var boðað til fundarins og lýsti fundinn lögmætan.

3. Ávarp samgöngu- og sveitastjórnarráðherra

Með samþykki hluthafans var breytt út af auglýstri dagskrá fundarins og tók Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra til máls og ávarpaði fundinn.

4. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir sl. starfsár og fór yfir skipan stjórnar og starfsemi á liðnu ári. Skýrsla stjórnar er hluti af útgefinni ársskýrslu félagsins sem dreift var á fundinum. Stjórnarformaður þakkaði öllu starfsfólki fyrir framúrskarandi frammistöðu á liðnu starfsári. Einnig þakkaði hann forstjóra félagsins og stjórn fyrir gott samstarf og fráfarandi stjórnarmönnum óskaði hann velfarnaðar á nýjum vettvangi.

5. Starfsemi félagsins og reikningar ársins útskýrðir.

Forstjóri félagsins ávarpaði fundinn og fór yfir ársreikning félagsins, sjá sundurliðun reikninga í ársskýrslu félagsins sem lá frammi á fundinum.

Að lokum þakkaði forstjóri félagsins stjórn og starfsmönnum samstæðunnar fyrir ómetanlegt framlag þeirra til reksturs félagsins. Þakkaði sérstaklega Margréti, Helgu og Ólafi sem víkja úr stjórninni fyrir gott samstarf.

6. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Reikningar Isavia ohf. voru lagðir fram til samþykktar. Reikningarnir voru samþykktir.

7. Kosning stjórnarmanna og varastjórnarmanna.

Svofelld tillaga var lögð fram:

Í stjórn Isavia ohf. verði kjörin:

Ingimundur Sigurpálsson (D)
Reynilundi 7
210 Garðabæ

Eva Pandora Baldursdóttir (P)
Grenihlíð 12
550 Sauðárkrókur

Matthías Páll Imsland (B)
Perlukór 1c
203 Kópavogur

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir (M)
Góðakri 2
210 Garðabæ

Valdimar Halldórsson (V)
Garðarsbraut 32
640 Húsavík

Tillagan var samþykkt.

Í varastjórn Isavia ohf. verði kjörin:

Sigrún Traustadóttir (D)
Suðurgötu 7
101 Reykjavík

Hreiðar Eiríksson (P)
Mýrartúni 12
600 Akureyri

Ingveldur Sæmundsdóttir (B)
Brekubæ 40
110 Reykjavík

Reynir Þór Guðmundsson (M)
Bauganesi 28
101 Reykjavík

Björg Eva Erlendsdóttir
Haðarstíg 20
101 Reykjavík

Tillagan var samþykkt og stjórnarmenn lýstir réttkjörnir.

8. Kosning endurskoðanda.

Tillaga kom fram um að Ríkisendurskoðun kt. 540269-1819, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík annist endurskoðun reikninga félagsins, sem er í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Tillagan borin upp og samþykkt.

9. Tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn lagði til að hagnaður af rekstri félagsins yrði færður á eigið fé. Tillagan borin upp og samþykkt.

10. Starfskjarastefna stjórnar.

Tillaga að starfskjarastefnu stjórnar var borin upp og samþykkt.

11. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Fundarstjóri lagði fram tillögu um laun stjórnar fyrir komandi starfsár taki verðlagshækkunum samkvæmt almennri launaþróun milli ára og verði 195.000 krónur fyrir hvern mánuð, stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð og varamenn fá 83.000,- krónur fyrir hvern fund, sem er 40% af stjórnarlaunum. Tillagan borin upp og samþykkt.

12. Ákvörðun um þóknun endurskoðanda.

Tillaga er um að þóknun endurskoðanda verði samkvæmt reikningi. Tillagan var samþykkt.

13. Önnur mál.


Engar skriflegar fyrirspurnir bárust.

Tillaga er um að fundarstjóri og fundarritari gangi frá aðalfundargerðinni. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:47.



Karl Alvarsson hdl.
fundarstjóri



Hafdís Perla Hafsteinsdóttir hdl.
fundarritari